

Arinbjörn Vilhjálmsson
Skipulagsstjóri
Garðatorgi 7, 210 Garðabær

25/4/2019

Efni: Fyrirspurn varðandi Selskarðsland.

Undirrituð Marín Sigurgeirsdóttir kt.250852-3989 og Konráð Pálmason kt.240450-3059 eigendur spildu í jörðinni Selskarð í Garðabæ, óskum eftir upplýsingum um stöðu okkar varðandi möguleikum á endurnýjun byggingarleyfis á lóð okkar.

Forsaga.

Árið 1924 kaupa þeir Jón Einarsson og Gísli Sigurgeirsson jörðina Selskarð í Garðabæ. Á jörðinni var íbúðarhús og hlaða, að öðru leiti þótti jörðin ekki sérlega vel fallin til búskapar. Þeir Jón og Gísli voru athafnarmenn úr Hafnarfirði hófust fljótlega handa við að endurbyggja húsakost, ásamt stórtækum endurbótum á heimatúni jarðarinnar. Árið 1925 var endurbótum lokið, þó vildi svo óheppilega til að í vetrarhörkum hafði hlaðan ekki staðist veðurhaminn og hvarf út í veður og vind. Gísli lýsir þess svo í Lesbók Morgunblaðsins 25/2/1995 í minningum sínum sem Snorri Jónsson tók saman. “Hlöðugarmur fylgdi jörðinni, en hann fauk út í buskann veturinn eftir við keyptum. Hlaðan var tóm þegar Kári gamli þeytti henni svo rækilega á sjó út að varla sást eftir spýta né járnplata.” Þeir Gísli og Jón stunduðu búskap á jörðinni næstu 35 árin.

Selskarð selt.

Eftir fráfall Jóns Einarssonar varð Gísli einn eigandi jarðarinnar Selskarðs. Þar kom að því að Gísli Sigurgeirsson ákvað hann að selja jörðin . (1965-1966) Byrjað var á því að afkomendum Gísla var afsalað 5 minni spildum úr jörðinni, síðan voru seldar 4 stakar spildur til einstaklinga. Stæðstur hluti jarðarinnar heimatúnið var síðan selt til einstaklinga, sem ráðamenn í Garðabæ þekkja vel, ef marka má fréttáflutning fjölmiðla af gengdarlausum kröfum um vatnsrétt, sandnámurétt, mótekjurétt og beitarrétt svo fátt eitt sé nefnt. Þá hefur Vegagerðin fengið sinn skerf af kvörtunum vegna vegalagningar. Þegar Gísli Sigurgeirsson seldi stæðstu hlutana af jörðinni, hélt hann eftir 1505 fermetra spildu þar sem upprunalega húsið stóð. Það skal tekið fram að Gísli Sigurgeirsson er föðurafi Marínar Sigurgeirsdóttur.

Einnig viljum við áréttta að þeir eigendur af spildum úr jörðinni Selskarð og koma jafnan fram sem fulltrúar eigenda jarðarinnar Selskarðs tengjast okkur ekki á neinn hátt og hafa ekki fengið nein umboð frá okkur,

Við teljum reyndar að nafnið Selskarð fylgi þeim hluta jarðarinnar sem upprunalega íbúðarhúsið stóð, aðrir hlutaeigendur ættu að koma fram sem eigendur landshluta úr jörðinni Selskarð. Þetta er ef til vill álitamál sem löglærðir aðilar geta leist úr fyrir okkur.

Árið 1978 var Gísli orðin aldraður og bauð sonardóttur sinni Marín Sigurgeirsdóttir sinn hluta jarðarinnar til kaups 1505 fermetra, ásamt íbúðarhúsi sem á landinu stóð. Gengið var frá kaupnum 20.11.1978. Afsalsbréfi var innfært í þinglýsingarbók hjá Sýslumanssembættinu í Hafnarfirði 23.01.1979

Endurbætur og byggingarleyfi.

Í stuttu máli.

Ljóst var að hús sem var byggt fyrir aldamótin 1900 stóðst ekki þær kröfur sem settar voru á þessum árum, því var farið fram á byggingarleyfi til að endurbyggja gamla húsið, teikningum var framvísað til Byggingarnefndar, sem sendi erindið til Skipulags Ríkisins til umsagnar. Í svarbréfi Skipulags Ríkisins 27.07.1979 sem tekur jákvætt í erindið og segir svo. “Skal tekið fram að þar sem um gamallt hús er að ræða, sem er í fullum rétti, er eftir aðstæðum hægt að fallast á erindið, þó óneitanlega verði harla lítið eftir af hinu upprunalega húsi” Á 479. fundi byggingarnefndar var beiðni okkar samþykkt með fyrirvörum meðal annars, um rotþró, einnig að framkvæmdirnar muni ekki auka á kostnað bæjarsjóðs. Jarðvegsframkvæmdir hófust og hluti gamla hússins var rifinn. Vegna langvinnar sjúkrahússlegu töfðust framkvæmdir. Réttu ári eftir að byggingarleyfi var veitt var leyfið afturkallað. Ástæðan var 12 mánaða reglan, sökklar höfðu ekki verið steypdir innan 12 mánaða. Einnig var mér tjáð að ég hafi túlkað byggingarleyfið mjög frjállega. Ekki væri um endurbyggingu að ræða heldur væri ég að byggja nýtt hús.!!! Þrátt fyrir að farið væri eftir framlögðum og samþykktum teikningum. Öllum mátti vera ljóst, eins og Skipulag Ríkisins bennti á “Skal tekið fram að þar sem um gamallt hús er að ræða, sem er í fullum rétti, er eftir aðstæðum hægt að fallast á erindið, **þó óneitanlega verði harla lítið eftir af hinu upprunalega húsi**” Það sem eftir stóð af gamla húsinu f auk síðan í aftakaveðri niður í grunninn.

Bréf dagsett 18/2/1982 barst mér, undirritað af Bæjarstjóra í Görðum Jóni Gauta Jónssyni.

Niðurlag bréfsins er eftirfarandi.

“ Augljóst er að Konráð Pálmason túlkar samþykktir bæjaryfirvalda á annan hátt, og þar sem sú túlkun hans hefur gert það að verkum að hann hefur nú rifið gamla húsið og á þar af leiðandi ekki kost á að framkvæma á því endurbætur, hefur undirritaður boðið honum, í umboði bæjarráðs, lóðaúthlutun hér inni í bænum.”

Spurningin er. Hefur þetta tilboð staðið tímans tönn, er það enn í gildi??

Undirritaðir hafa fylgst náið með skipulagsmálum í Garðabæ undanfarin ár, af eðlilegum ástæðum. Deiliskipulag Garðahverfis er góð fyrirmynd fyrir álíka svæði þar sem þarf að gæta að fornminjum og halda við eldri byggingum. Sveit í borg er heillandi og spennandi verkefni. Það var miður að Selskarðslandið var ekki tekið með í deiliskipulaginu. Selskarð var kirkjujörð Garðakirkju fyrr á tímum. Í greinargerð með deiliskipulaginu rákumst við á eftirfarandi. “Endurnýjun og viðhald skal taka mið af upprunalegri mynd húsa og byggðar. Sama gildir um viðbyggingar og er heimilt að reisa þær við eldri íbúðarhús. Þá er gert ráð fyrir möguleika á tveimur nýjum íbúðarhúsum á hverri bæjartorfu, Áhersla er lögð á viðhald byggðar og minja, en einnig eru skilgreindar 11 bæjartorfur sem fyrir gildi almennir og sérstakir skilmálar da og styrkja byggð á svæðinu. Við hvert nýtt íbúðarhús er heimilt að byggja einnar hæðar útihús. Nánari skilmálar gilda um nýbyggingar þessar og skilgreind er lóð og byggingarreitur fyrir hvert nýtt íbúðarhús, þ.m.t. Útihús.

Spurningar okkar eru þessar.

Er ekki eðlilegt að að þessi ákvæði verði færð yfir á Selskarðs jörðina?

Er ekki eðlilegt að fyrverandi bæjarstæði gamla Selskarðshússins verði skilgreint sem “bæjartorfu” og heimiluð verði bygging á íbúðarhúsi, með þeim skilmálum sem um getur í greinargerðinni í Deiliskipulagi Garðahverfis?

Selskarðs bæjartorfan er eina bæjartorfan norðan Álftanesvegar og því meiri ástæða til að reisa þar hús sem væri þá mikill styrkur til að halda við minningunni um þetta forna býli.

Eitt þarf ég að spyrja þig að lokum. Í lögbýlaskrá er að finna lista yfir eigendur Selskarðs, en ekki gat ég séð nöfn þeirra sem hafa eignarhald á minni spildum úr jörðinni, Kannt þú skýringa á þessu?

Með von um jákvæðar undirtektir.

Virðingarfyllst

Marín Sigurgeirsdóttir kt. 250852-3989

Konráð Pálmason kt. 240450-3059 EMAIL: kbpalma@gmail.com

Heimilisfang:

4 Kilt Lane Hamlyn Terrace

2259 NSW Australia.

Hjálagðar eru 2 skrár.

- 1. Ljósmyndir af gamla húsinu.**
- 2. Teikningar sem sendar voru til byggingarnefndar, með umsókn um upprunalega byggingarleyfið**

